

Færsluflæði og uppgjör í debetkortaviðskiptum á Íslandi

1 Inngangur

Greinargerð Seðlabankans um debetkortaviðskipti á Íslandi lýsir færsluflæði og uppgjöri debetkortaviðskipta. Hér eru dregin fram þau megin sjónarmið sem hafa ætti til hliðsjónar við mótun framtíðarfyrirkomulags á þessu sviði greiðslumiðlunar. Jafnframt er fjallað um hlutverkaskiptingu markaðsaðila og samspil við önnur mikilvæg greiðslumiðlunar- og uppgjörskerfi.

Í Greinargerðinni eru settar fram ellefu ábendingar sem ýmist snúa að færsluhirðum, kortaútfendum eða vinnsluaðilum. Seðlabankinn væntir þess að viðkomandi aðilar bregðist við þeim með viðeigandi hætti.

1.1 Tilurð verkefnisins

Í júní 2011 kom út á vegum Seðlabanka Íslands greinargerðin *Kortajöfnunarkerfi og fyrirkomulag greiðsluuppgjörs* (<http://www.seðlabanki.is/?PageID=1184>). Í greinargerðinni er m.a. að finna neðan- greindar niðurstöður:

- Markaðsaðilar hefji viðræður við alþjóðlegu kortasamsteypurnar MasterCard og Visa um að þær setji upp innlenda kortajöfnun í kerfum sínum fyrir færslur sem verða til þegar greiðslukort útgefið hér á landi er notað í viðskiptum í íslenskum krónum við söluaðila hér á landi og færsluhirðir er ekki jafnframt útgefandi kortsins (hérefitir IS/ISK-annarrafærslur). Mælt er með því að Seðlabankinn verði reiðubúinn að leggja málinu lið óski markaðsaðilar þess. Leiði viðræðurnar ekki til ásættanlegrar niðurstöðu um gjaldtöku og aðra skilmála, verði þróað og innleitt hér á landi sérstakt kortajöfnunarkerfi fyrir slíkar færslur.
- Í ljósi þess hversu mikilvæg debetkortaviðskipti eru er lagt til að Reiknistofa bankanna í samvinnu við Seðlabankann fari yfir umgjörð, reglur og skilmála sem gilda um DK-kerfið (debetkortakerfi RB), m.a. með hliðsjón af þeim reglum og skilmálum sem gilda um stórgreiðslu- og jöfnunarkerfi Seðlabankans.

Reiknistofa bankanna (RB) hefur þegar brugðist við síðari ábendingunni með því að senda Seðlabankanum drög að reglum um debetkortakerfi RB. Bankinn hefur skilað athugasemdum við drögin. Ekki er vitað hvenær RB hyggst gefa reglurnar út.

Viðræður Seðlabankans við fulltrúa stærstu færsluhirða á markaðnum í kjölfar útgáfu skýrslunnar sýndu að ekki var samstaða um næstu skref varðandi jöfnun á kreditkortafærslum.¹ Fram komu ábendingar frá markaðsaðilum um mikilvægi þess að hugað yrði að framtíðarfyrirkomulagi varðandi færslumiðlun og uppgjör í debetkortaviðskiptum. Var nefnt að fyrirkomulagið þurfi að vera sem gagnsæjast, sé á engan hátt samkeppnisletjandi, taki mið af væntanlegri löggjöf á sviði greiðslumiðlunar og sé skilvirkt, hagkvæmt og traust og uppfylli kröfur Seðlabankans um öryggi mikilvægra greiðslukerfa.² Þá hefur verið bent á mikilvægi þess að fyrirkomulagið sé bæði vel skilgreint og sveigjanlegt svo að það geti auðveldlega sinnt nýjungum í rafrænni greiðslumiðlun og

¹ Nánar tiltekið IS/ISK-annarakreditkortafærslum (e. not-on-us credit card transactions)

² Hugtakið greiðslukerfi er skilgreint í lögum nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, og lögum nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu. Síðarnefndu lögini tóku gildi 1. desember 2011.

innkomu nýrra aðila á íslenskan greiðsluþjónustumarkað.³ Þetta er ekki síst talið áriðandi í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem debetkortaviðskipti gegna í innlendri greiðslumiðlun.

Að undirlagi Seðlabankans var ákveðið að ráðast í verkefni sem myndi felast annars vegar í því að greina hvernig færsluflæði og uppgjör í debetkortaviðskiptum fer fram um þessar mundir og hverjir eru helstu þjónustuaðilar, hins vegar að draga fram þau meginsjónarmið sem leggja ætti til grundvallar við mótun framtíðarfyrirkomulags á þessu sviði greiðslumiðlunar. Jafnframt að hugað yrði að hlutverkaskiptingu aðila og samspili við önnur mikilvæg greiðslumiðlunar- og uppgjörskerfi án þess þó að reyna að segja fyrir um eða hafa áhrif á þróun sem byggist á viðskiptalegum ákvörðunum einstakra aðila á markaðnum.

Páll Kolka Ísberg, sérfræðingur á greiðslukerfasviði Seðlabankans, stýrði verkefninu af hálfu bankans. Auk hans unnu Finnur Sveinbjörnsson, utanaðkomandi ráðgjafi, og Sigríður Rafnar Pétursdóttir, lögfræðingur á greiðslukerfasviði bankans, að verkefninu. Færsluhirðarnir Borgun, Teller/Kortþjónustan og Valitor og vinnsluaðilarnir/kerfiseigendurnir Greiðsluveitan og Reiknistofa bankanna fjármögnuðu verkefnið. Greinargerðin verður afhent þessum aðilum sem og bönkum og sparisjóðum sem útgefendum debetkorta og Fjármálaeftirlitinu. Samkeppniseftirlitinu var kynnt verkefnið við upphaf þess og verður stofnuninni afhent greinargerðin.

1.2 Efni greinargerðarinnar

Greinargerðin er þannig uppbyggð að á eftir þessum inngangi er fjallað stuttlega um helstu ábendingar sem fram koma í henni. Í 3. kafla er greint frá ýmsum breytingum á umgjörð debetkortaviðskipta frá því að þau hófust í ársbyrjun 1994. Í 4. kafla er lýst færsluflæði í debetkortaviðskiptum, þ.e. frá því að færsla verður til í búnaði söluaðila og þar til að kemur að endanlegu uppgjöri í stórgreiðslukerfi Seðlabankans. Í 5. kafla er fjallað um uppgjörferlið og fyrirkomulag á greiðslu þóknunar til færsluhirðis. Í lokakaflanum er að finna ýmsar ábendingar.

Með greinargerðinni fylgir einn viðauki. Í honum er lýst öllum leiðum sem heimildarfærslur og uppgjörsfærslur berast eftir frá söluaðilum og í heimildargjafarkerfi og debetkortakerfi RB.

Greinargerðin er ítarlegri en að var stefnt í upphafi. Ástæðurnar eru þrjár. Í fyrsta lagi kom í ljós að aldrei hefur verið tekið saman heildstæð lýsing á færsluflæði og uppgjöri í debetkortaviðskiptum. Í öðru lagi er hér um að ræða sérhæft málefni sem fámennur hópur starfsfólks hjá þeim aðilum sem sinna greiðslumiðlun þekkir til hlítar en aðrir eingöngu að hluta til eða alls ekki. Þekkingin má að ósekju liggja víðar. Í þriðja lagi hafa orsakir/upptaka ýmiss konar útfærsluatríða/verklags í debetkortaviðskiptum fallið í gleymiskunnar dá en full ástæða er til að halda þeim til haga.

2 Helstu ábendingar

Í 6. kafla eru ellefu ábendingar um færsluflæði og uppgjör í debetkortaviðskiptum. Þær eru af ýmsum toga:

1. Reglur alþjóðlegu kortasamsteypnanna.

Ábendingar sem snúa að færsluhirðum:

³ Í lögum nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu, er gert ráð fyrir að fleiri tegundir stofnana geti sinnt greiðsluþjónustu en áður, sbr. umfjöllun í kafla 3.2. Í þessu sambandi má einnig benda á umræðuskjal framkvæmdastjórnar ESB *Towards an integrated European market for card, internet and mobile payments (COM(2011) 941 final, 11 January 2012)*.



2. Hvernig uppgjöri við söluaðila er háttað.
3. Hvernig þóknun frá söluaðila er innheimt.

Ábendingar sem snúa að kortaútgefendum:

4. Úreltir korthafaskilmálar og úreltur samningur um samskráningargrunn.
5. Hvernig heimildarleit leiðir strax til skuldfærslu hjá korthafa.
6. Níu daga bakfærslufrestur.
7. Eðli hraðbanka.

Ábendingar sem snúa að færsluhirðum, kortaútgefendum og vinnsluaðilum:

8. Gagnsæi í kerfiskostnaði.
9. Mikilvægi skýrrar hlutverkaskiptingar og samninga milli aðila.
10. Nýir aðilar, sveigjanleiki.
11. Endurkrafa (e. chargeback) og úrskurðaraðili.

Engar ábendinganna eru þess eðlis að þær kalli á tafarlaugar aðgerðir Seðlabankans. Það breytir því þó ekki að viðkomandi aðilar eru hvattir til að taka þær alvarlega og ræða þær í eigin ranni eða við samstarfsaðila sína, allt eftir eðli máls. Seðlabankinn væntir þess að brugðist verði við ábendingunum svo að ekki þurfi að koma til aðgerða. Þó er rétt að undirstrika að notkunarmöguleikar debetkorta eru ekki lengur í samræmi við reglur og skilmála um kortin sem bankar og sparisjóðir hafa gefið út. Verði ekki bætt úr þessu, annaðhvort með því að breyta notkunarmöguleikum debetkortanna eða með því að bankar og sparisjóðir breyti þessum reglum og skilmálum, kann það leiða til aðgerða af hálfu Fjármálaeftirlitsins eða Neytendastofu. Einnig er samningur frá 2004 um samskráningargrunn („sýndarkort“) augljóslega úreltur. Þá er ljóst að gildistaka laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu, 1. desember 2011 kallar á ýmsar breytingar á skilmálunum og hvernig er háttað upplýsingagjöf færsluhirða og útgefenda. Loks mun setning rafeyrslaga (e. EMDII) sem líklegt er að verði á vorþingi 2012 hafa áhrif á viðskiptaumhverfið.

Greiðslukort eru óvíska notuð jafnmikið og hér á landi. Sem dæmi má nefna að sé tekið mið af kortanotkun í nágrannaríkjunum mætti ætla að hér á landi byggi yfir ein milljón manna en ekki rúmlega þrjú hundruð þúsund. Þá eru seðlar og mynt í umferð hér á landi um þriðjungur af því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum ef miðað er við landsframleiðslu. Til frekari samanburðar eru seðlar og mynt í umferð nú um 40 milljarðar króna en voru um 17 milljarðar króna fyrir fall íslenska bankakerfisins haustið 2008.

Debetkortið er því einn mikilvægasti greiðslumiðillinn hér á landi. Öll íslensk debetkort eru gefin út á grundvelli útgáfuleyfis frá alþjóðlegu kortasamsteypunum MasterCard (Maestro-debetkort) og Visa (Electron-debetkort) og bera merki viðkomandi kortasamsteypu. Þetta þýðir m.a. að útgefendum og færsluhirðum ber að fylgja þeim reglum sem MasterCard hefur sett um Maestro-debetkort og Visa um Electro-debetkort. Í reglunum er einhver sveigjanleiki til staðbundinnar útfærslu auk þess sem mögulegt er að fá tímabundna undanþágu frá tilteknum ákvæðum. Mikilvægt er að staðbundin útfærsla og undanþágur séu skjalfestar.

Hér á landi eru því ekki í notkun staðbundin debetkort eins og þekkjast víða erlendis.⁴ Borgun er aðalleyfishafi fyrir Maestro-debetkort (Principal Member) og Valitor fyrir Electron-debetkort (Group Member). Samkvæmt reglum MasterCard og Visa geta aðalleyfishafar tilnefnt og ábyrgst aðra

⁴ Sem dæmi má nefna danska debetkortið Dankort sem reyndar er til í tveimur útfærslum: Annars vegar staðbundinni útfærslu sem eingöngu er unnt að nota í Danmörku. Hins vegar í Visamerkttri útfærslu (e. co-branded) sem nota má bæði í Danmörku og í útlöndum.

útgefendur (nefndir Affiliate Members í reglum MasterCard). Hér á landi eru bankar og sparisjóðir útgefendur debetkorta á grundvelli aðalleyfa Borgunar og Valitor.⁵ Þessi tvö félög ráða jafnframt yfir öllum nógildandi debetkortanúmeraseríum hér á landi (e. bank identification number, BIN⁶) sem gerir útboð þjónustu- og vinnsluþátta erfiðari en ella væri. Sérhver banki eða sparisjóður getur þó ákveðið að kaupa sérstakar kortanúmeraseríur fyrir sig en þá þarf að endurútgefa öll hans greiðslukort.

Þar sem öll debetkort hér á landi eru gefin út á grundvelli leyfis frá MasterCard og Visa vaknar sú spurning hvort þessi erlendu félög geti stöðvað notkun þeirra hér á landi. Við fall íslenska bankakerfisins haustið 2008 hótuðu félögin að ógilda öll greiðslukort útgefin á Íslandi vegna ótta við að íslenskir aðilar gætu ekki staðið við uppgjörsskuldbindingar sínar. Það mál leystist farsælega með aðkomu Seðlabankans. Í október 2011 ákváðu bandarísk stjórnvöld að setja viðskiptabann á Sýrland. Því fylgdi m.a. að MasterCard og Visa urðu að grípa til aðgerða í samskipta- og uppgjörskerfum sínum. Eftir það var ómögulegt að nota erlend greiðslukort í Sýrlandi og sýrlensk greiðslukort í útlöndum. Ef svipuðu viðskiptabanni yrði beitt gegn Íslandi⁷ yrði strax ómögulegt að nota íslensk debet- og kreditkort erlendis og erlend debet- og kreditkort hér á landi. Jafnframt kynni Borgun og Valitor að vera fyrirskipað að stöðva notkun innanlands á greiðslukortum sem gefin eru út á grundvelli útgáfuleyfis frá MasterCard og Visa. Ljóst er hins vegar að alþjóðlegu kortasamsteypurnar hafa enga tæknilega möguleika á að framfylgja slíkri ákvörðun þar sem innlend notkun á íslenskum debetkortum fer fram utan samskipta- og uppgjörskerfa þeirra.⁸

Í ljósi þess hversu margar ábendingar eru í greinargerðinni hefur greiðslukerfasvið Seðlabankans ákveðið að kanna í síðasta lagi haustið 2012 hvort og hvernig hefur verið brugðist við þeim.⁹ Eins hyggst bankinn kanna með hvaða hætti markaðsaðilar hafa brugðist við ábendingum sem fram komu í fyrrnefndri greinargerð um kortajöfnunarkerfi og fyrirkomulag greiðsluuppgjör. Frá sjónarhóli bankans er mikilvægt að traust umgjörð sé um greiðslumiðlun í landinu, þ.á m. viðskipti með debetkortum. Í þessu felst einkum að hlutverk allra þjónustuaðila, ábyrgð þeirra, réttindi og skyldur séu vel skilgreind í samningum milli aðila, að reglur og samningar um notkun viðkomandi greiðslumiðils, færsluflæði og uppgjör séu til staðar, séu uppfærðir reglulega og því ávallt í samræmi við það sem raunverulega fer fram, að kerfiskostnaður sé gagnsær, að tæknilausnir séu sveigjanlegar og að vel sé hugað að öryggismálum.¹⁰ Í þessu sambandi skal undirstrikað að ef greiðslumiðlar eru ekki rétt verðlagðir er hætt við að það hindri framþróun í greiðslumiðlun. Þá er ennfremur vert að nefna að traustur grunnur, traust umgjörð og gagnsæi geta stuðlað að aukinni samkeppni. Loks verður einfaldara að innleiða ýmiss konar nýjungar í greiðslumiðlun sem fyrirsjáanlegar eru í nánustu framtíð¹¹ auk þess sem inn- og úthýsing þjónustuþátta verður auðveldari.

⁵ Þegar hugtakið útgefandi er notað í þessari greinargerð er átt við banka og sparisjóði.

⁶ Alþjóðastaðallinn ISO 7812 gildir um BIN. BIN er 16 tölustafir og fyrstu sex tölustafirir eru notaðir til að auðkenna útgefandann (e. issuer identification number, IIN).

⁷ Þótt hér sé fyrst og fremst um fræðilegar vangaveltur að ræða skal minnt á að bandarísk stjórnvöld ákváðu í september 2011 að grípa til diplómatiskra aðgerða gegn Íslandi vegna hvalveiða. Lagaákvæðið sem stuðst er við heimilar einnig viðskiptalegar aðgerðir.

⁸ Þetta gildir reyndar ekki um færslur tengdar Electron-debetkortum sem dansk-norski færsluhirðirinn Teller hirðir hér á landi.

⁹ Í 4. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, segir m.a. að bankinn skuli stuðla að virku og öruggu greiðslukerfi í landinu.

¹⁰ Með öryggismálum er hér einkum átt við varakerfi, varaleiðir í samskiptum, heimildarleit, notkun á leyninúmeri (PIN), innleiðingu og hagnýtingu á örgjörvatækni og innleiðingu á PCI-DSS sem er öryggisstaðall fyrir greiðslukortaviðskipti (m.a. til að minnka hættu á að óprútttnir aðilar geti stolið og misnotað upplýsingar um korthafa og kortin sjálf).

¹¹ Hvers kyns farsíma- og spjaldtölvugreiðslur, nýjungar í netviðskiptum, vaxandi notkun „sýndarkorta“, samkeppni frá þjónustu- og samskiptamiðlum eins og PayPal, Facebook, Google o.s.frv.

3 Stofnanapróun innanlands og hræringar erlendis

3.1 Breyttar stofnanaaðstæður innanlands

Debetkort voru innleidd hér á landi í ársbyrjun 1994. Þá voru aðstæður um margt frábrugðnar því sem nú er. Borgun og Valitor voru einu færsluhirðarnir.¹² Borgun annaðist færsluhirðingu á Maestro-færslum og Valitor á Electron-færslum. Bæði félögin færsluhirða báðar þessar kortategundir auk þess sem dansk-norski færsluhirðirinn Teller hefur starfað hér á landi frá árslokum 2002 í samstarfi við Kortþjónustuna. Þá hafa stórstígar framfarir orðið í fjarskiptum og ýmiss konar sjálf-salar og netviðskipti vaxið úr grasi. Auk þess er fyrirbyggjandi að farsímar, spjaldtölvur og annar slíkur búnaður muni gegna mikilvægu hlutverki í greiðslumiðlun í framtíðinni.

Við upphaf debetkortaviðskipta var Reiknistofa bankanna tæknilegur samstarfsvettvangur í eigu banka og sparisjóða. Félagið var ekki sjálfstæður tekjuskatts- og eignarskattsaðili og eigendur litu í raun á það sem framlengingu af tölvudeildum sínum. Yfir félaginu var stjórn sem skipuð var fulltrúum eigenda, oftast bankastjórum framan af. Auk þess skipuðu eigendurnir félaginu samstarfsnefnd sem forgangsraðaði verkefnum og fjallaði um ýmis tæknileg mál í umboði stjórnarinnar. Í henni sátu gjarnan yfirmenn upplýsingatæknimála hjá eigendunum. Þótt RB væri vinnsluaðili sem starfaði í umboði og í þágu eigenda sinna, má ætla að þetta fyrirkomulag kunni að hafa leitt til þess að á sameiginlegum vettvangi vinnsluaðilans hafi verið teknar ákvarðanir um útfærslu sem e.t.v. hefðu fremur átt að vera teknar með sjálfstæðum hætti af þeim aðilum sem nýttu sér þjónustu RB. Það hefur án efa flækt málin að á þessum árum var hlutverk og samspil aðalleyfishafa, kortaútgefenda og færsluhirða ekki útfært með skýrum hætti hér á landi. Má færa fyrir því rök að bankar og sparisjóðir hafi í rauninni eftirlátið Borgun og Valitor greiðslukortamálin í heild sinni. Allt þetta olli því að skilin milli færsluhirða, útgefenda og vinnsluaðila voru ekki sérlega skörp. Loks ber þess að geta að sérstök nefnd, framkvæmdanefnd um rafrænar greiðslur á sölustað (RÁS-nefnd), stýrði innleiðingu debetkortanna á sínum tíma. Í henni sátu m.a. bankastjórar og þáverandi forstjórar Borgunar og Valitor.

Nú eru aðstæður allt aðrar. RB hefur verið breytt í hlutafélag og frá og með aðalfundi 2012 verður stjórn þess að meirihluta skipuð einstaklingum sem eru óháðir eigendum félagsins. Þá ríkir mun meiri skilningur en áður á ólíku hlutverki aðalleyfishafa, færsluhirðis, útgefenda og vinnsluaðila. Einnig verður að telja að í kjölfar falls bankakerfisins haustið 2008 hafi skilningur aukist á mikilvægi þess að réttindi, skyldur og ábyrgð aðila í samstarfi og viðskiptum séu vel skilgreind í samningum eða skilmálum þar að lútandi. Loks hefur Samkeppniseftirlitið beint sjónum sínum að samstarfi banka, sparisjóða, Borgunar, Valitor og Greiðsluveitunnar (dótturfélags Seðlabankans) í greiðslukortamálum, sbr. t.d. ákvörðun stofnunarinnar nr. 4/2008. Þá er ekki útilokað að einhver útgefandi ákveði að gefa út sín eigin kort, þ.e. eiga eigin BIN-seríur sbr. umfjöllun í 2. kafla.

3.2 SEPA og lög um greiðsluþjónustu

Þegar debetkortaviðskipti hófust hér á landi í ársbyrjun 1994 voru helstu ákvæði um greiðslukortanotkun í þágildandi samkeppnislögum nr. 8/1993. Nú eru lög nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu, sem tóku gildi 1. desember 2011 mikilvægustu lögin á þessu sviði ásamt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, samkeppnislögum, nr. 44/2005, og ýmsum lögum sem tryggja réttindi neytenda. Með greiðsluþjónustulögum er innleidd hér á landi tilskipun Evrópusambandsins um greiðsluþjónustu frá 2007 (e. Payment Services Directive, PSD). Búast má við frekari breytingum á þessu sviði í náinni framtíð. Þannig er nú unnið að frumvarpi til nýrra laga um rafeyrissfyrirtæki og

¹² Á þeim tíma hétu félögin Kreditkort og Greiðslumiðlun.

útgáfu og meðferð rafeyris á vegum efnahags- og viðskiptaráðherra. Með því er ætlunin að innleiða tilskipun Evrópusambandsins um rafeyrisfyrirtæki frá 2009 (e. E-Money Directive II, EMD-II). Á grundvelli nýrrar lagaumgjarðar sem er byggð á sameiginlegum EES-reglum gefst fleiri aðilum en áður kostur á að veita greiðsluþjónustu auk þess sem ýmsar kröfur eru gerðar til þess hvernig viðskipti eru framkvæmd, gagnsæis og skilmála.

Nokkrar tegundir stofnana geta veitt greiðsluþjónustu innan EES-svæðisins og nefnast þær sameiginlega *greiðsluþjónustuveitendur* í lögnum um greiðsluþjónustu. Hér skulu nefndar þær helstu, þ.e. *lánastofnanir* (e. credit institutions) en af þeim eru bankar og sparisjóðir mest áberandi, *rafeyrisfyrirtæki* (e. electronic money institutions) og *greiðslustofnanir* (e. payment institutions). Til þessara mismunandi tegunda stofnana eru gerðar ólíkar kröfur um eigið fé o.fl. Þannig þarf eigið fé greiðslustofnunar sem sinnir færsluhirðingu ekki að vera nema jafnvirði 125.000 evra (um 20 milljónir króna). Fyrir gildistöku nýju laganna um greiðsluþjónustu gerðu íslensk lög þá kröfu til fyrirtækja er önnuðust færsluhirðingu að þau hefðu starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki. Greiðslukortafyrirtækin íslensku höfðu, og hafa enn, starfsleyfi sem lánafyrirtæki og ber samkvæmt því að uppfylla skilyrði laga um eigið fé að lágmarki jafnvirði 5 milljóna evra (um 800 milljónir króna). Ólíkt umfang starfshemilda einstakra tegunda greiðsluþjónustuveitenda og þar með ólík rekstraráhætta endurspeglast m.a. í ólíkum fjárhagslegum kröfum til þeirra. Lægri kröfur en aðilar á greiðsluþjónustumarkaði hafa hingað til þurft að uppfylla munu án efa leiða til þess að nýir aðilar munu freista þess að hasla sér völl á þessu sviði. Þá hafa yfir 100 greiðslustofnanir innan EES-svæðisins þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um mögulega fyrirhugaða veitingu greiðsluþjónustu hér á landi án þess þó að staðsetja sig hér, þ.e. veita þjónustu yfir landamæri.

Innan Evrópu hefur verið lögð ómæld vinna í að þróa sameiginlegt greiðslumiðlunarsvæði (e. Single Euro Payments Area, SEPA). Þetta gerist bæði með lagasetningu á vettvangi Evrópusambandsins og ýmiss konar reglum og viðmiðunum sem fjármálafyrirtæki á svæðinu sammælast um á vettvangi sem nefndur er European Payments Council (EPC). Þótt í grunninn sé litið til evrusvæðisins er alveg ljóst að ýmislegt af því sem lögfest er eða samþykkt á vettvangi EPC nær einnig til Íslands.¹³ Greiðslukort eru einn af þjónustupáttunum sem fjallað er um í SEPA. Í desember 2009 samþykkti EPC rammareglur fyrir viðskipti með greiðslukortum (e. SEPA Cards Framework, SCF).¹⁴ Alþjóðlegar og evrópskar kortasamsteypur hafa skuldbundið sig til að útfæra rammareglurnar nánar í eigin reglum og verklagi. Loks þurfa greiðsluþjónustuveitendur og framleiðendur/rekstraraðilar ýmiss konar greiðslumiðlunarbúnaðar og –kerfa að taka mið af þeim. Fyrir utan almenn eða nákvæm útfærsluatriði má leiða að því líkur að megin sjónarmiðin sem fram koma í SCF geti gagnast hér á landi til viðbótar við það sem kveðið er á um í lögum um greiðsluþjónustu og væntanlegum lögum um rafeyrisfyrirtæki. Ástæða er til að nefna eftirfarandi:

1. Valfrelsi, samkeppni og tækniforskriftir/staðlar. Með breytingum á íslenskri löggjöf hafa opnast tækifæri fyrir fleiri en banka og sparisjóði auk núverandi færsluhirða til að gegna hlutverki sem greiðsluþjónustuveitendur. Þá má ætla að áfram verði áhugi á því hér á landi að nota ýmsar leiðir til að miðla heimildar- og uppgjörsfærslum frá söluaðilum og til útgefenda eða uppgjörsaðila eða vinnsluaðila þeirra (RB).¹⁵ Hér skiptir mestu máli að þær kröfur sem aðilar þurfa að uppfylla séu skýrar. Þá mun það án efa auka gagnsæi og stuðla að aukinni samkeppni ef notaðir eru sömu samskiptatækniforskriftir/-staðlar sem víðast. Samkvæmt SCF eiga posar og

¹³ Samtök fjármálafyrirtækja og Greiðsluveitan, dótturfélag Seðlabankans, hafa sinnt starfinu fyrir hönd íslenskra fjármálafyrirtækja. Lög nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu, eru dæmi um lagasetningu hér á landi sem rekja má til SEPA-verkefnisins.

¹⁴ Texti SCF: [http://www.europeanpaymentscouncil.eu/knowledge_bank_download.cfm?file=Cards SCF 006 09 v 2 1.pdf](http://www.europeanpaymentscouncil.eu/knowledge_bank_download.cfm?file=Cards%20SCF%2006%2009%20v%201.pdf)

¹⁵ Fjallað er um þessar leiðir í 4. kafla og viðaukanum.

- annar endabúnaður hjá söluaðilum að vera þannig úr garði gerðir að unnt sé að hafa samband við fleiri en einn færsluhirði þó þannig að sami færsluhirði annist bæði miðlun heimildar- og uppgjörsfærslna sem tilheyra sömu greiðslukortaviðskiptum.
2. Barátta gegn svikum. Ætlast er til að ávallt sé leitað heimildar hjá útgefanda þegar greiðslukort er notað í búnaði sem er tengdur greiðslumiðlunarkerfum (e. on-line) eða heimildar leitað í örgjörvanum sjálfum þegar búnaður er ótengdur (e. off-line). Það er útgefanda að ákveða hvort heimilt sé að nota kort án þess að leitað sé heimildar.
 3. Skilgreiningar. Í SCF eru skilgreiningar á ýmsum hugtökum sem gagnast í umræðum hér á landi um hlutverkaskiptingu og skipulagningu. Þannig má benda á að hér á landi er litið á hraðbanka sem hluta af þeim banka sem á viðkomandi hraðbanka. Samkvæmt SCF er hins vegar litið á hraðbanka sem afgreiðslubúnað, nánast eins og posa, enda alþekkt að sérhæfð þjónustufyrirtæki eigi og reki hraðbanka. Eigandi hraðbankans semur síðan við færsluhirði um færslumiðlunina. Í lögum nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu, sem tóku gildi 1. desember 2011 er kveðið svo á að úttekt reiðufjár í hraðbanka sé undanþegin ákvæðum laganna. Af því leiðir að þjónustuveitandinn þarf ekki sérstakt starfsleyfi og er ekki eftirlitsskyldur ef hann er ekki aðili að rammamningi við viðskiptavininn.

Loks er vert að nefna að Borgun og Valitor hafa í vaxandi mæli haslað sér völl í færsluhirðingu og útgáfupjónustu erlendis. Þá er starfsemi dansk-norska félagsins Teller að minnstum hluta hér á landi. Það ætti því að vera þessum félögum keppikefli að í greiðslukortastarfsemi hér á landi sé stuðst í sem mestum mæli við alþjóðlegar tækniforskriftir/staðla, skilgreiningar, viðskiptaskilmála, tæknibúnað, sjónarmið um hlutverkaskiptingu ólíkra aðila og önnur slík atriði fremur en séríslensk afbrigði.

4 Færsluflæði í debetkortaviðskiptum

Í þessum kafla er lýst færsluflæði í debetkortaviðskiptum hér á landi. Ábendingar um einstök atriði eru í 6. kafla.

4.1 Almenn

Í sinni einföldustu mynd ganga debetkortaviðskipti þannig fyrir sig að banki eða sparisjóður¹⁶ (útgefandi) gefur út debetkort til handa viðskiptavini sínum (korthafa). Kortið er eign útgefanda en ekki korthafa og um það gilda ákveðnar notkunarreglur sem korthafi undirgengst.¹⁷ Korthafi notar kortið sem greiðslumiðil í viðskiptum við söluaðila. Í notkuninni felst að korthafi gefur fyrirmæli til banka síns (útgefanda) um að verða við beiðni frá viðkomandi söluaðila fyrir milligöngu færsluhirðis um að greidd verði tiltekin fjárhæð af bankareikningi hans. Söluaðili semur við færsluhirði um að annast færsluhirðingu fyrir sig. Í því felst einkum að ábyrgjast að söluaðilinn fái greitt, leita úttektarheimildar hjá útgefandanum þegar kortið er notað, koma færslunum í greiðsluuppgjör og gera upp við söluaðilann þegar útgefandinn hefur greitt færsluhirðinum. Búnaður söluaðila kemur færslu til færsluhirðis¹⁸ sem sendir hana á réttan stað. Færslusendingarnar eru iðulega tvær. Fyrst þegar kannað er hvort kortið sé gilt og næg innstæða sé á bankareikningi korthafa (heimildarleit) til að hann geti greitt viðskiptafjárhæðina.¹⁹ Síðan þegar viðskiptunum er lokið og það ferli hefst sem leiðir að lokum til þess að söluaðili fær greitt inn á bankareikning sinn og bankareikningur korthafa er

¹⁶ Eftirleiðis er hugtakið banki notað yfir bæði banka og sparisjóði.

¹⁷ Debetkortaskilmálar viðskiptabankanna fjögurra og sparisjóðanna virðast nánast vera samhljóða.

¹⁸ Sjá þó umfjöllun í kafla 4.2 um sérhæfða vinnsluaðila.

¹⁹ Hér á landi hefur tíðkast að heimildarleita í um 65% tilvika þegar debetkort er notað, sjá nánar kafla 4.5 og 5.1. Þegar ekki er heimildarleitað verður einungis til ein debetkortafærsla tengd viðkomandi viðskiptum, þ.e. uppgjörsfærsla.

skuldfærður (uppgjörsfærsla). Það er því samningssamband milli korthafa og útgefanda annars vegar og söluaðila og færsluhirðis hins vegar en ekki milli korthafa og færsluhirðis og heldur ekki milli söluaðila og útgefanda. Ólíkt kreditkortaviðskiptum hafa debetkortaviðskipti ávallt verið rafræn hér á landi.

4.2 Sérhæfðir vinnsluaðilar

Hér á landi og erlendis gegna sérhæfðir vinnsluaðilar veigamiklu hlutverki í debetkortaviðskiptum. Söluaðilar þurfa posa eða annan búnað sem les upplýsingar af segulrönd eða örgjörva í debetkort, býr til færslur og sendir þær af stað. Mismunandi tækniforskriftir (staðlar) eru notaðir og þá þarf sérhæfðan aðila sem varpar færslum af einni tækniforskrift yfir á aðra. Oftar en ekki sér miðlægur aðili um að taka við færslum héðan og þaðan, flokka þær og senda viðeigandi aðilum. Þá er algennt að útgefendur og færsluhirðar noti sérhæfða vinnsluaðila fyrir afmarkaða hluta þjónustu sinnar. Hér á landi gegnir Reiknistofa bankanna (RB) lykilhlutverki í debetkortaviðskiptum sem vinnsluaðili fyrir bæði útgefendur og færsluhirða og sem vinnsluaðili fyrir Greiðsluveituna (GV), dótturfélag Seðlabanka Íslands, og Seðlabankann sjálfan en þessir aðilar eiga kerfin sem notuð eru til að gera upp fjármuni milli banka korthafa og söluaðila á lokaspretti debetkortaviðskipta. Allir bankareikningar sem standa að baki íslenskum debetkortum eru nú vistaðir í kerfum RB en það getur breyst. Þangað þarf því að beina heimildarbeiðnum og þangað þarf að beina uppgjörsfærslum. Þar fer fram færsla fjármuna milli bankareikninga korthafa og söluaðila og þar fer fram uppgjörið milli banka þessara aðila þegar um tvo aðskilda banka er að ræða, þ.e. í þeim tilvikum þegar banki korthafa er ekki jafnframt banki söluaðila. Aðrir mikilvægir þjónustuaðilar í debetkortaviðskiptum hér á landi eru félögin HandPoint og Point. Point hefur útvegað megnið af posum sem notaðir eru hér á landi og bæði félögin bjóða kerfi fyrir heimildarfærslur og uppgjörsfærslur sem tengjast verslunarkerfum söluaðila og koma í stað posa.²⁰

4.3 Færsluleiðir til RB

Á töflu í viðauka með þessari greinargerð kemur fram eftir hvaða leiðum debetkortafærslur berast frá söluaðila til RB, bæði heimildarfærslur og uppgjörsfærslur. Heimildarfærslur berast fram og til baka, þ.e. fyrirspurn er send frá söluaðila og henni er svarað. Uppgjörsfærslur fara hins vegar eingöngu í eina átt, þ.e. frá söluaðila. Hér skal í dæmaskyni gerð nánari grein fyrir þremur ólíkum færsluleiðum. Almennt sendir posi heimildarfærslu til RÁS-kerfis GV (einnig kallað Tpos- eða XPS-kerfi). Þaðan er færslan send heimildargjafarkerfi RB (HG-kerfi). Það kerfi hefur samband við AH-kerfi RB og kannar þar stöðu á bankareikningi viðkomandi korthafa.²¹ Síðan er sent svar til baka um það m.a. hvort kort sé ógilt, hvort heimilt sé að nota það og hvort innstæða eða yfirdráttarheimild sé næg. Að því gefnu að heimild sé næg, verður til uppgjörsfærsla í posanum. Uppgjörsfærslur safnast saman í posanum þar til að söluaðili sendir þær í einu lagi af stað með handvirkri eða sjálfvirkri aðgerð. Það gerist yfirleitt í lok viðskiptadags en getur einnig gerst innan dagsins eða á nokkurra daga fresti. Uppgjörsfærslurnar eru sendar RÁS-kerfi og þaðan debetkortakerfi RB (DK-kerfi).

Færslufæðið er aðeins einfaldara þegar debetkort er notað í bensíndælu hjá einu olúfélaganna.²² Heimildarfærslan fer beina leið til RB úr eigin færslumiðlunarkerfi olúfélagsins og svar berst til baka

²⁰ Með örgjörvavæðingu debetkorta og innleiðingu EMV-staðals mun vegur posa vaxa á ný því að korthafar þurfa að staðfesta kortagreiðslur með því að slá inn leyninúmeri (PIN, „pinnið“) í stað undirritunar.

²¹ Á þessu stigi verður samtímis til færsla til að skuldfæra bankareikning korthafa eins og nánar er útskýrt síðar.

²² Þegar viðskiptakort útgefið af olúfélagi er notað í bensíndælu í stað debetkorts fer færslan eingöngu til viðkomandi olúfélags og býr þar til skuld á viðskiptamannareikningi viðkomandi viðskiptamanns.

eftir sömu leið. Uppgjörsfærslur fara síðar í bunka til RÁS-kerfis GV og þaðan til DK-kerfis RB. Þá má nefna að dansk-norski færsluhirðirinn Teller, sem starfar með Kortþjónustunni hér á landi, færsluhirðir eingöngu Electron-debetkortafærslur en ekki Maestro-debetkortafærslur. Electron-debetkortafærslurnar sem hann hirðir fara frá söluaðila til Kortþjónustunnar, þaðan til Teller og þaðan til samskipta- og uppgjörskerfisins VisaNet sem Visa International starfrækir. Þaðan berst færslan svo til Valitor og þaðan til HG-kerfis RB þegar um heimildarfærslu er að ræða en til DK-kerfis RB þegar um uppgjörsfærslu er að ræða. Heimildarfærslurnar fara síðan sömu leið til baka. Samskipta- og uppgjörskerfi Visa og MasterCard koma einnig við sögu þegar íslenskt debetkort er notað erlendis og erlent debetkort notað hér á landi.

4.5 Heimildarleit

Leitað er heimildar í um 65% tilvika þegar íslenskt debetkort er notað í viðskiptum hér á landi. Til samanburðar má nefna að eftir því sem næst verður komist er leitað heimildar í hvert sinn sem danska debetkortið Dankort og norska debetkortið BankAxept eru notuð í viðkomandi landi. Tiltölulega lágt heimildarleitahlutfall hér á landi kann að skýrast af því að fjarskiptakostnaður var talinn íþyngjandi þegar kerfið var innleitt á sínum tíma, söluaðilar telja að heimildarleit dragi úr afgangi, áhættan sem fylgir því að sleppa heimildarleit hefur verið afar lítil hér á landi og íslenskir bankar höfðu drjúgar tekjur af innstæðulausum tékkum þegar debetkortakerfið var innleitt og sáu fram á lækun þeirra ef heimildarleitahlutfallið yrði hátt. Þessar forsendur hafa gerbreyst.²³ Borgun hefur tilkynnt söluaðilum að frá og með 1. febrúar 2012 verði ávallt leitað heimildar þegar debetkort er notað. Þess skal getið að þegar debetkort er notað utan útgáfulands er almenna reglan sú að leitað er heimildar í hvert sinn. Þetta gildir jafnt þegar um er að ræða notkun á íslensku debetkorti í útlöndum og erlendu debetkorti hér á landi.

Því má bæta við að heimildarleitin er í tveimur skrefum þegar um er að ræða viðskipti þar sem viðskiptafjárhæðin er ekki þekkt við upphaf viðskiptanna, t.d. kaup á vöru í sjálfsala þar sem unnt er að kaupa misdýrar vörur og kaup á bensíni eða díselolíu úr sjálfsala þegar viðskiptavinur hyggst fylla tankinn. Í fyrra skrefinu byggist heimildarleitin á tiltekinni hámarksfjárhæð, t.d. verði dýrustu vörunnar í sjálfsalanum. Þegar viðskiptunum er lokið og viðskiptafjárhæðin liggur fyrir er send leiðréttingarfærsla.

4.6 „Sýndarkort“, samskráningargrunnur, innleggskort

Upphaflega var ætlunin hér á landi og erlendis að debetkort væru eingöngu notuð af korthafa og á staðnum í þar til gerðum rafrænum búnaði (e. card present). Þannig var kortanúmerið framan af ekki sett á hérlend debetkort, þótt það hafi þekkt víða erlendis um langt skeið. Fyrir nokkrum árum var byrjað að gefa út debetkort hér á landi með áprentuðu kortanúmeri og eykst fjöldi þeirra því sífelld. Eftir því sem vinsældir netviðskipta hafa aukist hefur vaknað áhugi víða um lönd á að nota debetkort í slíkum viðskiptum og öðrum sambærilegum fjarviðskiptum (e. card not present). Báðar alþjóðlegu kortasamsteypurnar MasterCard og Visa hafa ákveðið að kortaútgefendur skuli gera ráð fyrir þeim möguleika að debetkort séu notuð í netviðskiptum, rétt eins og kreditkort. Slík viðskipti verða þó að sjálfsögðu að fara fram á vefsíðum sem uppfylla tilteknar öryggiskröfur. MasterCard hefur veitt undanþágu til ársloka 2012 fyrir því að ekki sé unnt að nota Maestro-debetkort útgefin hér á landi í netviðskiptum.

Uppsöfnuð skuld á þeim reikningi er síðan innheimt reglulega, yfirleitt mánaðarlega, t.d. með greiðsluseðli/kröfu í netbanka.

²³ Þegar heimildar er ekki leitað í debetkortaviðskiptum getur myndast yfirdráttur (skuld) á bankareikningi. Debetkort ófjárráða ungmenna eru stillt þannig að ávallt er leitað heimildar enda er þessum ungmennum óheimilt að stofna til skulda. Þá færast í vöxt að korthafar vilji að debetkort þeirra leiti ávallt heimildar til að staða bankareiknings sé uppfærð um leið og kortið er notað.

Árið 2003 þróaði einkafyrirtæki lausn sem gerði farsímanotendum mögulegt að greiða fyrir vöru og þjónustu með því að nota til þess gerðar valmyndir í símanum. Í lausninni fólst að tengja saman farsímanúmer og greiðslukortanúmer. Í RB er gagnagrunnur (nefndur samskráningargrunnur) og vörpunarforrit sem notað er til að varpa færslum sem verða til í farsímanum yfir í hefðbundnar debet- eða kreditkortafærslur. Þar með varð til það sem nefnt hefur verið „sýndarkort“. Í mars 2004 var gengið frá samningi milli kortaútgefenda, Borgunar, Valitor og þessa einkafyrirtækis. Þar var einkafyrirtækinu veitt heimild til að gera samstarfssamninga við söluaðila sem vildu bjóða viðskiptavinum sínum að greiða fyrir vöru og þjónustu með þessum hætti. Í samningnum kemur fram að korthafar noti netbanka sinn til að tengja saman (samskrá) greiðslukortanúmer og farsímanúmer. Jafnframt er tekið fram að samningsaðilar muni vinna að því að opna aðrar viðurkenndar leiðir til samskráningar. Þá er tekið fram að ekki eigi að vera hægt að ganga frá farsímagreiðslu nema gefið sé upp leyninúmer.

Farsímagreiðslur náðu ekki vinsældum þegar farsímalausnin var þróuð á sínum tíma, enda farsímar almennt frumstæðari en nú tíðkast. Hins vegar varð til ný útfærsla á „sýndarkortunum“ sem hefur notið vinsælda án þess að samningnum frá 2004 væri breytt. Dælylkyllar og viðskiptakort sem olúfélög hafa gefið út byggjast á þessari lausn. Hið sama gildir um farsímasmáforritið („appið“) sem eitt olúfélaganna hefur þróað og gerir farsímanotendum kleift að ræsa sjálfsalabensíndælur. Í stað þess að nota debetkort eða kreditkort í bensíndælusjálfsala getur viðskiptavinur notað dælylkyll eða viðskiptakort sem viðkomandi olúfélag hefur gefið út og afhent honum. Dælylkyllinn er tengdur debetkorti eða kreditkorti. Því má bæta við að ólíkt því sem kveðið er á um í samningnum frá 2004, er hvorki notað leyninúmer (PIN) né nokkur önnur öryggislausn þegar dælylkyll eða viðskiptakort sumra olúfélaga er notað. Það þýðir að hver sem er getur notað þau til viðskipta.²⁴ Aftur á móti er í öllum tilvikum innbyggð hámarksúttekt á sólarhring þannig að tapsáhætta viðskiptavinar sem glatar dælylkyllinum eða viðskiptakortinu er takmörkuð. „Sýndarkortalausnin“ hefur einnig verið nýtt af símafélögum og fleiri söluaðilum.

Rétt þykir að nefna annan notkunarmöguleika debetkorta sem hefur verið þróaður eftir að kortin voru innleidd í ársbyrjun 1994. Sorpa ásamt banka sínum (nú Arion banka) þróaði fyrir nokkrum árum lausn sem felst í því að viðskiptavinur sem afhendir skilagjaldskyldar umbúðir framvísar debetkorti. Andvirði skilagjaldsins er lagt inn á þann bankareikning sem tengist viðkomandi debetkorti. Návar tiltekið sendir posi í Sorpu debetkortanúmerið til Arion banka. Þaðan er send fyrirspurn til RB um bankareikningsnúmerið sem tengist viðkomandi debetkorti. Að númerinu fengnu millifærir bankinn andvirði skilagjaldsins af bankareikningi Sorpu á bankareikning korthafans.

4.7 Tækniforskriftir (staðlar)

Í samskiptum í debetkortaviðskiptum eru notaðar ýmsar tækniforskriftir.²⁵ Visa-B, Base I, Base II²⁶, DK-02²⁷ og FGM-staðallinn²⁸ eru dæmi um tækniforskriftir/staðla sem notaðir eru hér á landi. Í

²⁴ Dæmi er um olúfélag sem setur leyninúmer (PIN) á dælylkylla. Eins er dæmi um að boðið sé upp á að tölvupóstur sé sendur viðskiptamanni í hvert sinn sem dælylkyll/viðskiptakort er notað.

²⁵ Samkvæmt lögum nr. 36/2003, um staðla og Staðlaráð Íslands, er íslenskur staðall skjal sem Staðlaráð hefur samþykkt. Svipuð lagaákvæði gilda í öðrum löndum og á alþjóðavettvangi. Í daglegu máli er hugtakið staðall notað fremur lauslega og nær einnig yfir það sem með réttu nefnast tækniforskriftir.

²⁶ BASE stendur fyrir Bank of America System Engineering en Visa-kort voru upphaflega BankameriCard. Fyrri tækniforskriftin/staðallinn er notaður í samskiptum vegna heimildargjafar en hinn síðari fyrir uppgjör.

²⁷ Tækniforskrift sem RB hefur þróað.

²⁸ Tækniforskrift sem þróuð var af GV og byggist á eistneskum staðli sem aftur byggist á alþjóðlega staðlinum ISO 8583.

grunninn er byggt á alþjóðastaðlinum ISO 8583²⁹ en hinir ýmsu aðilar hafa lagað hann að sínum hugmyndum og þörfum. Þá gerist það að tölvukerfi sem keypt eru erlendis frá nýta tilteknar tækniforskriftir/staðla og þannig berast viðkomandi tækniforskriftir/staðlar hingað til lands og kalla á aðlögun/vörpun. Þannig felst hluti þjónustu RÁS-kerfis GV í því að breyta debetkortafærslum úr einu formi í annað.

Í janúar 2012 var haldinn stofnfundur tækninefndar um rafræna greiðslumiðlun að frumkvæði GV.³⁰ Tækninefndin heyrir undir fagstaðlaráð í upplýsingatækni (FUT) sem er hluti Staðlaráðs Íslands. Er gert ráð fyrir að allir helstu aðilar sem hagsmuna eiga að gæta á þessu sviði muni taka þátt í störfum tækninefndarinnar.

5 Uppgjör í debetkortaviðskiptum og greiðsla þóknunar frá söluaðila

Í þessum kafla er lýst uppgjöri í debetkortaviðskiptum hér á landi og greiðslu þóknunar frá söluaðila til færsluhirðis. Ábendingar um einstök atriði eru í 6. kafla.

5.1 Uppgjör í debetkortaviðskiptum

Í notkun debetkorts felst að korthafi gefur banka sínum (kortaútgefanda) fyrirmæli um að verða við beiðni frá viðkomandi söluaðila fyrir milligöngu færsluhirðis um að greidd verið tiltekin fjárhæð af bankareikningi sínum. Þannig greiðir korthafi fyrir þá vöru eða þjónustu sem hann kaupir af söluaðila. Rétt eins og gildir um aðrar millifærslur er þetta í rauninni tvíþætt ferli þegar bankareikningarnir eru hvor í sínum bankanum. Annars vegar er um að ræða færslu af bankareikningi korthafa í banka A og færslu á bankareikning söluaðila í banka B. Hins vegar er um að ræða uppgjör milli bankanna tveggja³¹, þ.e. færslu af reikningi banka A í Seðlabankanum og á reikning banka B í Seðlabankanum. Fyrri skrefið gerist í AH-kerfi RB og JK-kerfi GV og hið síðara í stórgreiðslukerfi Seðlabankans (SG-kerfi). Þar sem uppgjórið milli banka fer fram með þessum hætti er ekki um neina gagnaðilaáhættu (tapsáhættu) á milli þeirra að ræða. Rétt er að nefna að uppgjörsferlið er einfaldara þegar bankareikningar korthafa og söluaðila eru í sama banka.

Nánar tiltekið er uppgjörsferlið í debetkortaviðskiptum þannig:

1. Ef leitað er eftir úttektarheimild í HG-kerfi RB (í u.þ.b. 65% tilvika þegar kort er notað hjá söluaðila³²), er samsvarandi fjárhæð strax tekin út af bankareikningi korthafa í AH-kerfi RB sem aftur leiðir til breytinga á JK-teljurum korthafabanka og söluaðilabanka í JK-kerfi GV³³ og inneign myndast á biðreikningi í eigu söluaðilabanka. Biðreikningurinn ber hvorki vexti né þjónustutekjur. Síðan gerist þetta:
 - a. Ef heimildarfærslan berst HG-kerfi RB fyrir kl. 16.30 er endanlega gert upp milli bankanna tveggja þegar JK-teljarar í JK-kerfi GV eru hreinsaðir og stöður í JK-kerfinu endanlega gerðar upp í SG-kerfi Seðlabankans kl. 17.00.

²⁹ International Organization for Standardization. Staðallinn ISO 8583 heitir Financial transaction card originated messages – Interchange message specifications.

³⁰ Samkeppniseftirlitið beindi því til GV að fara þessa leið þegar eftirlitið heimilaði Seðlabankanum að yfirtaka félagið, sbr. 5. gr. í ákvörðunarorðum í ákvörðun stofnunarinnar nr. 2/2011.

³¹ Þar með verða efnadalok, sbr. ákvæði laga nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum. Síðara skrefið er óþarft ef bankareikningar korthafa og söluaðila eru í sama banka.

³² Borgun hefur tilkynnt söluaðilum að frá og með 1. febrúar 2012 verði ávallt leitað heimildar þegar debetkort er notað.

³³ Minnt skal á að RB annast rekstur JK-kerfisins fyrir GV. RB annast einnig rekstur SG-kerfis Seðlabankans og eigin AH-kerfi sínu þannig að allt uppgjórið í debetkortaviðskiptum fer fram í RB.

- b. Ef heimildarfærslan berst HG-kerfi RB milli kl. 16.30 og 22.15 er endanlega gert upp milli bankanna tveggja þegar JK-teljarar í JK-kerfi GV eru hreinsaðir kl. 24.00 og SG-kerfi Seðlabankans er opnað fyrir uppgjör kl. 8.15 daginn eftir.
- c. Ef heimildarfærslan berst HG-kerfi RB eftir kl. 22.15 fer hún í vinnslu með færslum næsta dags.
- d. Ef uppgjörsfærsla berst DK-kerfi RB fyrir kl. 22.15, er kannað í keyrslu DK-kerfisins upp úr kl. 22.15 hvort færslan parist við einhverja af heimildarfærslunum sem þegar hafa borist HG-kerfi RB. Sé svo, er sú fjárhæð sem um ræðir færð af áðurnefndum biðreikningi í eigu söluaðilabanka yfir á bankareikning söluaðila.³⁴
 - e. Ef uppgjörsfærsla söluaðila berst DK-kerfi RB ekki fyrir kl. 22.15 (í u.þ.b. 5% tilvika af 65%), er skrefið í d-lið endurtekið daginn eftir. Ef uppgjörsfærsla hefur ekki skilað sér á níunda degi er fjárhæð viðskiptanna tekin út af áðurnefndum biðreikningi í eigu söluaðilabanka og lögð inn á bankareikning korthafa í korthafabanka (vaxtadagsetning er jafnframt leiðrétt þannig að korthafi verður ekki fyrir vaxtatapi).
2. Ef ekki er leitað eftir úttektarheimild í HG-kerfi RB (í u.þ.b. 35% tilvika), gerist ekkert fyrr en uppgjörsfærsla söluaðila skilar sér til DK-kerfis RB. Slíkar færslur fara úr DK-kerfinu og inn í AH-kerfi RB upp úr kl. 22.15 og í keyrslu JK-kerfis GV um kl. 24.00. Í ferlinu er tekið út af bankareikningi korthafa í AH-kerfi RB og lagt inn á bankareikning söluaðila í sama kerfi. Gert er endanlega upp milli bankanna þegar SG-kerfið er opnað fyrir uppgjör kl. 8.15 daginn eftir.
3. Þegar íslenskt Maestro-debetkort er notað í útlöndum berst heimildarbeiðnin til Borgunar frá MasterCard Banknet. Hún berst til Valitor frá VisaNet þegar um Electron-debetkort er að ræða. Frá Borgun og Valitor fer beiðnin til HG-kerfis RB. Þá er samsvarandi fjárhæð strax tekin út af bankareikningi korthafa í AH-kerfi RB sem aftur leiðir til breytinga á JK-teljurum korthafabanka og banka Borgunar eða Valitor í JK-kerfi GV og inneign myndast á biðreikningi í eigu Borgunar eða Valitor. Þegar uppgjörsfærsla berst er hún pöruð við heimildarfærsluna og viðskiptafjárhæðin færð af biðreikningnum yfir á venjulegan bankareikning í eigu þessara færsluhirða.
4. Þegar íslenskt debetkort er notað í hraðbanka hér á landi verður til færsla sem líkist gjaldkerafærslu, þ.e. litið er á hraðbankann nánast eins og gjaldkera í viðkomandi banka. Leiðin inn í AH-, JK- og SG-kerfið er því önnur en lýst er hér að framan.

5.2 Greiðsla þóknunar frá söluaðila til færsluhirðis

Það er meginregla í greiðslukortaviðskiptum að söluaðili greiðir færsluhirði þóknun fyrir þjónustu hans. Almennt er þóknunin dregin af þeirri fjárhæð sem færsluhirðir skilar söluaðila hverju sinni. Aðilar geta þó samið um annað fyrirkomulag. Hér á landi skilar RB, í hlutverki sínu sem vinnsluáðili færsluhirðis, söluaðila fullu andvirði sérhverra debetkortaviðskipta, þ.e. skilar fjárhæð uppgjörsfærslu án þess að þóknun færsluhirðis sé dregin frá. Tíunda dag hvers mánaðar er söluaðila svo sent færslufirlit fyrir undangenginn almanaksmánuð ásamt útreikningi þóknunar. Sama dag millifærir RB þóknunina af bankareikningi söluaðila og á bankareikning færsluhirðis.

6 Ábendingar, niðurstöður

Eins og kemur fram í inngangskafli samantektarinnar er megintilgangur verkefnisins tvíþættur:

³⁴ Þótt hér sé í dæmaskyni notuð ein færsla (ein debetkortaviðskipti), gerist þetta þannig að samtala allra viðskipta með Electron-debetkortum í tilteknum bunka af uppgjörsfærslum er lögð inn á bankareikning söluaðila sem eitt innlegg og samtala allra viðskipta með Maestro-debetkort sem annað innlegg. Innleggin á bankareikning söluaðila eru sem sagt ekki færð færslu fyrir færslu.

1. Greina hvernig færslumiðlun og uppgjör í debetkortaviðskiptum og þjónusta við kortaútgefendur fer fram um þessar mundir og hverjir eru helstu þjónustuaðilar.
2. Draga fram þau meginsjónarmið sem leggja ætti til grundvallar við mótun framtíðarfyrikomulags á þessu sviði greiðslumiðlunar. Jafnframt verður hugað að hlutverkaskiptingu aðila og skilum/samspieli við önnur mikilvæg greiðslumiðlunar- og uppgjörskerfi án þess þó að reyna að segja fyrir um eða hafa áhrif á þróun sem byggist á viðskiptalegum ákvörðunum einstakra aðila á markaðnum.

Um fyrra atriðið er fjallað í 4. og 5. kafla greinargerðarinnar og viðaukanum. Um meginsjónarmiðin sem nefnd eru í 2. tölul. hér að ofan er fjallað í lokamálsgrein 2. kafla og í 3. kafla. Hér á eftir fara ábendingar um ýmis atriði í færsluflæðinu og uppgjörinu sem vert er að vekja athygli á. Ábendingunum er raðað þannig að fyrst kemur almenn ábending um reglur alþjóðlegu kortasamsteypnanna MasterCard og Visa. Síðan koma þrjár ábendingar sem snúa að færsluhirðum. Þá koma þrjár ábendingar sem snúa að kortaútgefendum. Loks koma fjórar ábendingar sem snerta færsluhirða, útgefendur og vinnsluaðila. Það skal undirstrikað að það eru færsluhirðar og útgefendur en ekki vinnsluaðilar þeirra sem ráða því hvernig ferlið er útfært.

6.1 Almenn ábending um reglur alþjóðlegu kortasamsteypnanna

Debetkortið er einn mikilvægasti greiðslumiðillinn hér á landi. Er það í samræmi við það sem þekktist víða erlendis. Öll íslensk debetkort eru gefin út á grundvelli útgáfuleyfis frá alþjóðlegu kortasamsteypunum MasterCard (Maestro-debetkort) og Visa (Electron-debetkort) og bera merki viðkomandi kortasamsteypu. Þetta þýðir m.a. að útgefendum og færsluhirðum ber að fylgja þeim reglum sem MasterCard hefur sett um Maestro-debetkort og Visa hefur sett um Electro-debetkort. Í reglunum er einhver sveigjanleiki til staðbundinnar útfærslu auk þess sem mögulegt er að fá tímabundna undanþágu frá tilteknum ákvæðum. Þessar undanþágur og staðbundnar útfærslur virðast ekki hafa verið skjalfestar í öllum tilvikum. Gera þarf bragarbót á þessu svo að núverandi markaðsaðilar, nýir aðilar á markaði og eftirlitsstofnanir átti sig á því hvaða leikreglur gilda á markaðinum. Mælt er með því að skjalfestingu frávikna frá almennum reglum alþjóðlegu kortasamsteypnanna verði lokið fyrir sumarbyrjun.

Ábendingar 6.2-6.3 snúa að færsluhirðum.

6.2 Uppgjör við söluaðila

Í kafla 5.1 er því lýst hvernig gert er upp við söluaðila. Fram kemur að það er RB í hlutverki sínu sem vinnsluaðili færsluhirðis sem sér um að gert sé upp við söluaðila. Í kafla 4.1 er bent á að það sé samningssamband á milli söluaðila og færsluhirðis og að þetta sé eitt af grundvallaratriðunum í greiðslukortaviðskiptum. Strangt til tekið er það því færsluhirðir sem á að gera upp við söluaðila. Eins og útskýrt er í kafla 5.1 er notaður biðreikningur í eigu banka söluaðila í þeim tilvikum þegar uppgjörsfærsla hefur ekki borist frá söluaðila, þrátt fyrir að ekkert samningssamband um færsluhirðingu sé á milli þess banka og söluaðilans.³⁵ Þótt biðreikningurinn beri hvorki vexti né þjónustutekjur hefur banki söluaðila fjármunina til ráðstöfunar þar til að þeim er skilað á bankareikning söluaðila. Af þessu „floti“ getur bankinn haft tekjur. Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið verður að telja eðlilegt að breyta þessu fyrirkomulagi. Tvær leiðir koma til greina. Annars vegar að biðreikningurinn sé í eigu útgefanda, þ.e. banka korthafa. Hins vegar að biðreikningurinn sé í eigu færsluhirðis. Í fyrra tilvikinu væri rökrétt að skipuleggja ferlið þannig að heimildarfærslan leiði ekki til færslu í JK- og SG-kerfinu fyrr en uppgjörsfærsla hefur borist frá söluaðila, sbr. ábendingu 6.6.

³⁵

Hér á landi hafa bankar ekki sinnt færsluhirðingu en það þekktist erlendis.

Í uppgjörsferlinu sem lýst er í kafla 5.1 kemur fram að gert er upp við söluaðila jafnskjótt og hann skilar uppgjörsfærslu af sér. Í langflestum tilvikum er það daglega. Þetta er í samræmi við upphaflega hugsun í debetkortaviðskiptum um heim allan, þ.e. þau eru eins og staðgreiðsla og fjármunir færast „strax“ frá korthafa til söluaðila. Í uppgjörsferlinu hjá RB er ekki gert ráð fyrir að söluaðili og færsluhirðir geti samið um tiltekna tíðni uppgjörs, t.d. vikulega, hálfsmánaðarlega eða mánaðarlega, jafnvel þótt uppgjörsfærslum sé skilað mun oftár, t.d. daglega. Í slíku fyrirkomulagi myndu fjármunir safnast hjá færsluhirði milli þess sem hann gerir upp við söluaðilann.³⁶ Því hefur verið varpað fram að æskilegt væri að innleiða slíkan möguleika í debetkortauppgjörinu hér á landi. Engin dæmi hafa hins vegar fundist um slíkt fyrirkomulag erlendis. Hér er ekki mælt með því að Íslendingar ríði á vaðið í þessu efni.

6.3 Þóknun frá söluaðila

Í kafla 5.2 kemur fram að RB skili söluaðila fullu andvirði sérhverra debetkortaviðskipta án þess að þóknun frá söluaðila til færsluhirðis sé dregin frá. Bankareikningur söluaðila er síðan skuldfærður á tíunda degi mánaðar fyrir uppsafnaðri þóknun fyrir næstliðinn almanaks mánuð. Almenna reglan í greiðslukortaviðskiptum er sú að þóknun er dregin frá jafnóðum og gert er upp við söluaðila. Aðilar geta þó samið um annað fyrirkomulag. Hér er mælt með því að fyrirkomulaginu hér á landi verði breytt þannig að færsluhirðar og söluaðilar geti haft þann háttinn á þessu sem þeim semst um. Þar sem RB er vinnsluaðili færsluhirða og í engu samningssambandi við söluaðila verður ekki annað séð en að það sé einhvers færsluhirðis að taka af skarið og óska eftir breytingu á þessu fyrirkomulagi í RB.

Ábendingar 6.4-6.7 snúa að útgefendum.

6.4 Notkunarskilmálar debetkorta, samningur um samskráningargrunn („sýndarkort“)

Notkunarskilmálar banka og sparisjóða um debetkort virðast í fljóti bragði vera samræmdir. Í þeim kemur skýrt fram að kortið sé einungis unnt að nota með lestri upplýsinga af segulrönd þess á rafrænan hátt. Þess vegna sé óheimilt að gefa upp númer kortsins eða leyninúmer þess til greiðslu án rafrænnar notkunar þess. Samkvæmt gildandi skilmálum gilda debetkort því almennt ekki til greiðslu símleiðis eða bréflega. Ennfremur segir í skilmálunum að þegar korthafi greiðir fyrir vöru eða þjónustu með debetkortinu og undirritar kaupnótu eða notar leyninúmer (PIN) vegna þeirra viðskipta, staðfestir hann að næg ráðstöfunarfjárhæð sé á reikningi hans og samþykkir þar með að sú upphæð sé tekin út af reikningnum.³⁷ Það gefur augaleið að sú notkun sem felst í „sýndarkortunum“, sbr. kafla 4.6, samræmist ekki reglunum. Hið sama gildir um hvers kyns notkun kortsins í netviðskiptum. Þá verður ekki séð að notkun debetkorts sem einhvers konar innleggskorts hjá Sorpu samræmist skilmálunum.³⁸ Annaðhvort þurfa kortaútgefendur að taka fyrir framangreinda notkun eða breyta reglum sínum og skilmálum þannig að samræmi verði milli þeirra og notkunarmöguleika kortanna. Það eru þeir sem útgefendur sem bera ábyrgð á þessu en ekki vinnsluaðilar þeirra, þ.e. Borgun, RB og Valitor. Þá skal bent á það að í núgildandi korthafaskilmálum er enginn munur gerður á Electron- og Maestro-debetkortum. Við endurskoðun skilmálanna er nauðsynlegt að sérhver

³⁶ Í þessu sambandi má benda á að skv. 18. gr. laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu, ber greiðsluþjónustuveitendum að halda fjármunum viðskiptavina og annarra greiðsluþjónustuveitenda skýrt aðgreindum frá eigin fé sínu.

³⁷ Sjá t.d. grein 3.4 í kafla A og 1. gr. í kafla B í debetkortaskilmálum Landsbankans (<http://www.landsbankinn.is/einstaklingar/greidslukort/debetkort/skilmalar/>).

³⁸ Fljótt á litið virðist útfærslan ekki vera í samræmi við það sem kveðið er á um í alþjóðlegu reglunum um Electron- og Maestro-debetkort, þótt þar sé vissulega gert ráð fyrir því að unnt sé að nota debetkort til að senda peninga.



útgefandi meti hvort ástæða sé til að breyta því í ljósi þess að alþjóðlegu reglurnar sem um þessi kort gilda eru ekki alveg eins.

Þess ber jafnframt að geta að gildistaka laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu, 1. desember 2011 kallar á endurskoðun debetkortaskilmála banka og sparisjóða. Lögin setja greiðsluþjónustuveitendum ákveðinn ramma sem skilmálar á borð við þessa verða að rúmast innan.

Í kafla 4.6 er greint frá samningi frá 2004 um samskráningargrunn og „sýndarkort“. Það blasir við að gengið hefur verið lengra í þróun þessarar lausnar en kveðið er á um í samningnum. Eins og gildir um korthafaskilmálana þurfa kortaútgefendur annaðhvort að sjá til þess að farið sé eftir samningnum eða breyta honum. Hér er því beint til einhvers útgefanda í hópi samningsaðila að taka af skarið í þessu efni.

6.5 Heimildarleit leiðir strax til skuldfærslu hjá korthafa

Í kafla 5.1 kemur fram að bankareikningur korthafa er skuldfærður um leið og heimildar er leitað í HG-kerfi RB þó svo að ekki sé gert upp við söluaðila fyrr en síðar. Berist ekki uppgjörsfærsla í síðasta lagi á níunda degi er úttektin af bankareikningi korthafa bakfærð. Þótt illa hafi gengið að afla nákvæmra upplýsinga um færsluflæði og uppgjör í debetkortaviðskiptum í einstökum löndum, benda gögn til þess að í meginatriðum sé um tvær útfærslur að ræða. Annars vegar að bankareikningur korthafa sé skuldfærður strax þó svo að gert sé upp við söluaðila daginn eftir eða síðar. Þetta gildir t.d. um danska debetkortið Dankort.³⁹ Hins vegar að heimildarleit leiði til þess að umrædd fjárhæð sé fryst eða tekin frá á bankareikningi korthafa þannig að hann geti ekki ráðstafað henni (e. authorization hold).⁴⁰ Bankareikningurinn er síðan skuldfærður þegar uppgjörsfærsla berst frá söluaðila. Berist uppgjörsfærslan ekki innan fyrirfram skilgreinds tíma verður frátekin fjárhæð laus á ný til ráðstöfunar fyrir korthafa. Greiðsluskuldbindingin sem hann hefur undirgengist með því að nota kortið fellur þó ekki niður. Báðar þessar leiðir hafa kosti og galla. Vandséð er að það þjóni nokkrum tilgangi að útfæra hér á landi fleiri en eina lausn á þessu sviði. Telji einhver útgefandi ástæðu til að hverfa frá núverandi fyrirkomulagi er eðlilegt að hann taki það upp við aðra útgefendur. Slíkt samráð þarf þó að gerast með þeim hætti sem kveðið er á um í samkeppnislögum nr. 44/2005.

6.6 Níu daga bakfærslufrestur

Í kafla 5.1 kemur fram að ef uppgjörsfærsla frá söluaðila hefur ekki skilað sér á níunda degi frá því að heimildarfærslan varð til er fjárhæð viðskiptanna tekin út af biðreikningi í eigu banka söluaðila og lögð inn á bankareikning korthafa (vaxtadagsetning er jafnframt leiðrétt þannig að korthafi verður ekki fyrir vaxtatapi). Í alþjóðlegum reglum um Maestro-debetkort segir að færsluhirðir skuli skila færslu til uppgjors innan sjö almanaksdaga frá því að viðskipti áttu sér stað. Í Dankort-kerfinu í Danmörku er fresturinn einnig sjö almanaksdagar, sem trúlega er engin tilviljun í ljósi alþjóðlegru reglnanna.⁴¹ Hér er varpað fram þeirri spurningu hvort níu dagar séu ekki óþarflega langur tími og hvort það kunni að vera heppilegt að auka aðhald og aga og stytta frestinn eitthvað. Auk þess er þessi frestur lengri en reglur alþjóðlegru kortasamsteypnanna kveða á um. Þar sem málið snýst um

³⁹ Sjá umfjöllun í skýrslunni *Rapport om nationale betalingsoverførsler i Danmark*, Danmarks Nationalbank, januar 2010 ([http://www.nationalbanken.dk/dndk/publikationer.nsf/side/Rapport_om_nationale_betalingsoverfoersler_i_Danmark/\\$file/rapport_om_nationale_%20betalingsoverfoersler.pdf](http://www.nationalbanken.dk/dndk/publikationer.nsf/side/Rapport_om_nationale_betalingsoverfoersler_i_Danmark/$file/rapport_om_nationale_%20betalingsoverfoersler.pdf)) og ýmsar síður um debetkort og debetkortaviðskipti á Wikipedia.

⁴⁰ Sjá t.d. umfjöllun um „authorization hold“ á Wikipedia (http://en.wikipedia.org/wiki/Authorization_hold).

⁴¹ Sjá *Betalingskortaftale for Dankort* sem PBS gefur út (http://www.pbs.dk/da/produkter/dankort/Documents/DK_Generelle_regler_Dankort_DK.pdf).

umgengni um bankareikning korthafa er það á forræði kortaútgefenda að stytta bakfærslufrestinn. Hér er lagt til að einhver útgefandi ríði á vaðið. Vandséð er þó að það þjóni nokkrum tilgangi að hafa frestinn mislangan eftir útgefendum. Samráð milli útgefenda um þetta atriði þarf að fara fram með þeim hætti sem kveðið er á um í samkeppnislögum nr. 44/2005.

6.7 Hraðbankar

Í kafla 3.2 er bent á að samkvæmt evrópskum rammareglum fyrir viðskipti með greiðslukortum frá 2009 (e. SEPA Cards Framework, SCF) er litið á hraðbanka sem afgreiðslubúnað, nánast eins og posa, enda alþekkt að sérhæfð þjónustufyrirtæki eiga og reka hraðbanka. Eigandi hraðbankans semur síðan við færsluhirði um færslumiðlunina. Hér á landi er litið á hraðbanka sem hluta af þeim banka sem á viðkomandi hraðbanka. Ekki eru gerðir sambærilegir samningar um færsluhirðingu hraðbanka eins og við aðra færsluhirðingu. Þetta er gamalt fyrirkomulag sem samið var um löngu áður en notkun hraðbanka varð jafn almenn og nú er og byggist á gömlum samningi um skjalalaus greiðsluskipti og tengdum samningum.

RB meðhöndlar færslur sem verða til þegar íslenskt debetkort er notað í hraðbanka með svipuðum hætti og gjaldkerafærslur en ekki sem debetkortafærslur. Einnig má nefna að ekkert gjald er innheimt fyrir þessar færslur ólíkt því sem gerist þegar debetkort er notað hjá söluaðila. Þegar um er að ræða erlent Electron-debetkort (og öll Visa-kreditkort) eru færslur sendar Valitor og til Borgun þegar um er að ræða erlent Maestro-debetkort (og öll MasterCard-kreditkort). Slík tvískipting kann að hafa átt við þegar Borgun og Valitor færsluhirtu hvort sína kortategundina en ekki eftir að hvort félag fór að færsluhirða kort frá báðum kortasamsteypunum. Hér er mælt með því að bæði þessi atriði verði endurskoðuð. Útgefendur eiga hraðbankana og er því beint til þeirra að taka frumkvæði í því efni.

Ábendingar 6.8-6.10 snúa að færsluhirðum, útgefendum og vinnsluaðilum.

6.8 Kerfiskostnaður

Mikilvægt er að kerfiskostnaður sem fellur til í færsluflæði og uppgjöri í debetkortaviðskiptum sé eins gagnsær og kostur er. Aðilum í þessum viðskiptum er að sjálfsgöðu frjálst að semja um skiptingu þess kostnaðar á hvern þann hátt sem þeir kjósa. Söluaðilar greiða kostnað við posa og þau kerfi og þjónustu sem þeir kaupa af aðilum eins og HandPoint og Point. Færsluhirðar greiða kostnað af starfsemi RÁS-kerfis GV. Þetta er nokkuð skýrt. RB er vinnsluaðili fyrir færsluhirða og útgefendur (bæði sem banka og í framleiðslu debetkorta fyrir þá). Eins og þegar hefur komið fram á og rekur RB heimildarleitarkerfi (HG-kerfi sem reyndar er hluti af DK-kerfinu), debetkortakerfi (DK-kerfi), kortagerðarkerfi (KG-kerfi) og viðskiptareikningakerfi (AH-kerfi) innan innlánskerfis (IN-kerfis). Þá annast RB rekstur á RÁS-kerfi GV, jöfnunarkerfi GV (JK-kerfi) og stórgreiðslukerfi Seðlabankans (SG-kerfi). Öll þessi kerfi koma við sögu debetkorta og debetkortaviðskipta. Vitað er að ýmis kerfi RB eru samtvinnuð og sum þeirra þróuð sem eitt og sama kerfi þótt síðari tíma sjónarmið hafi kallað á aðgreiningu. RB reynir að viðhafa sem ítarlegasta kostnaðargreiningu milli kerfa og innan kerfa. Þar eru þó atriði sem ástæða er til að staldra við. Þannig er ekki greitt sérstakt gjald fyrir heimildarleit í HG-kerfinu heldur er þeim kostnaði sem af heimildarleit hlýst varpað yfir á almennan DK-kostnað. Þá greiða útgefendur allan kostnað í DK-kerfinu í einu ósundurliðuðu gjaldi, ekki aðeins vegna færslna sem þar eru meðhöndlaðar heldur einnig vegna kostnaðar sem tengist kortaútgáfu. Mikilvægt er að RB hafi frumkvæði að því að auka sem mest gagnsæi í verðlagningu og sjái til þess að kostnaður falli á þá aðila sem stofna til hans. Í því sambandi er nærtækt að líta til þess hvernig kostnaði í samskipta- og uppgjörskerfum alþjóðlegu kortasamsteypnanna er skipt milli færsluhirða og útgefenda.⁴²

⁴² Árið 2009 kynnti RB áform um að breyta gjaldtöku í DK-kerfinu á þann veg að færsluhirðar bæru megnið af kostnaðinum í stað útgefenda. Það gekk ekki eftir. RB ráðgerir að taka málið upp á ný samhliða setningu aðgangsreglna fyrir kerfið.

6.9 Hlutverkaskipting, samningar

Á það hefur verið bent í greinargerðinni að meginreglan í debetkortaviðskiptum hvar sem er í heiminum er sú að samningssamband er á milli korthafa og kortaútgefanda annars vegar og söluaðila og færsluhirðis hins vegar. Alþekkt er að kortaútgefendur og færsluhirðar nýti sér þjónustu sérhæfðra vinnsluaðila sem annast ýmsa verkþætti og koma jafnvel fram fyrir þeirra hönd gagnvart korthöfum og söluaðilum.⁴³ Þetta breytir þó ekki grunnhugsuninni um samningssamband og hlutverkaskiptingu. Í 3. kafla er rakið hvernig stofnanaaðstæður hér á landi hafa breyst, einkum staða og rekstrarform RB. RB er nefnt hér sérstaklega vegna þess að RB kemur að færsluflæði og uppgjöri í debetkortaviðskiptum sem vinnsluaðili fyrir ólíka aðila sem hafa mismunandi hlutverki að gegna og eiga þar af leiðandi mismunandi hagsmuna að gæta.

Mikilvægt er að hlutverk aðila og samningssamband milli þeirra sé í heiðri haft og að samningar þeirra í millum kveði skýrt á um réttindi, skyldur og ábyrgð aðila. Þetta gildir um samning útgefanda við korthafa, um samning færsluhirðis við söluaðila og samning færsluhirðis eða útgefanda við vinnsluaðila. Vegna þrjúþætts hlutverks Borgunar og Valitor sem handhafa útgáfuleyfis frá alþjóðlegu kortasamsteypunum, sem vinnsluaðila ásamt RB fyrir banka og sparisjóði sem gefa út debetkort á grundvelli útgáfuleyfis Borgunar og Valitor og loks sem færsluhirða, er mikilvægt að þessi félög og viðsemjendur þeirra gæti ávallt að því að samskipti og samningar séu við rétta aðila. Sömu sögu má segja um RB sem er vinnsluaðili fyrir bæði útgefendur og færsluhirða. Þegar hefur verið bent á (ábending 6.2) að notkunarskilmálar debetkorta eru augljóslega úreltir. Hið sama gildir um samning um samskráningargrunn („sýndarkort“). Einnig er ástæða til að endurskoða samninga um hraðbanka. Þá er ekki vitað til þess að í öllum tilvikum liggja fyrir ítarlegir og uppfærðir vinnsluaðilasamningar milli RB og færsluhirða annars vegar og RB og útgefanda hins vegar. Nefna má dæmi þar sem ekki er að fullu ljóst hvort réttur aðili tekur viðeigandi ákvörðun. Útgáfudeildir Borgunar og Valitor í hlutverki félaganna sem vinnsluaðilar fyrir kortaútgefendur ákveða úttektarmörk fyrir einstakar tegundir debetkorta þegar kortin eru notuð í viðskiptum þar sem ekki er heimildarleitað (e. off-line). Nær væri að útgefendur tækju slíka ákvörðun sjálfir.

Hér eru færsluhirðar, útgefendur og vinnsluaðilar hvattir til að fara hver fyrir sig með gagnrýnum augum yfir þá samninga og skilmála sem gilda um færsluflæði og uppgjör í debetkortaviðskiptum og um útgáfu debetkorta með hliðsjón af þessari greinargerð og hafi frumkvæði að breytingum eftir því sem við á.

6.10 Nýir aðilar, sveigjanleiki

Það er einn af styrkleikum og einnig veikleikum íslenska greiðslumiðlunarkerfisins hversu víðtæku hlutverki RB gegnir og hversu miðlægt það er. RB rekur stórgreiðslukerfið (SG-kerfið) og jöfnunarkerfið (JK-kerfið) fyrir Seðlabankann og dótturfélag hans (GV) og RÁS-kerfið fyrir GV. RB er mikilvægur vinnsluaðili fyrir debetkortaútgefendur því að allir bankakerkingar að baki debetkortunum eru búnir til og meðhöndlaðir í kerfum RB. Þá eru öll debetkort framleidd (persónugerð) í kerfum RB. Loks gegnir RB lykilhlutverki sem vinnsluaðili fyrir færsluhirðana Borgun og Valitor en ekki Teller. Leiða má að því líkur að þetta víðtæka hlutverk leiði til meiri hagkvæmni en ella. Þá er almennt talið að þetta víðtæka og miðlæga hlutverk hafi verið ein af meginástæðum þess að það tókst að halda greiðslumiðlun í landinu hnökralausri þegar bankakerfið hrundi haustið 2008. Mikil samvinnun kerfa getur hins vegar einnig reynst veikleiki þannig að rekstrartruflanir í einu kerfi hafi áhrif á önnur. Að auki getur það reynst flóknara og kostnaðarsamara en ella að tengja nýja aðila við einstaka þjónustuþætti RB vegna mikillar samvinnunar milli einstakra þjónustuþátta og kerfa.

⁴³ Í þessu sambandi má benda á leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2005 um rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila. Í tilmælunum er m.a. fjallað um úthýsingu.

Með gildistöku laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu, 1. desember 2011 hafa skapast möguleikar fyrir fleiri en banka og sparisjóði og núverandi færsluhirða að gegna hlutverki sem greiðsluþjónustuveitendur. Þá má ætla að áfram verði áhugi á því hér á landi að nota ýmsar leiðir til að miðla heimildar- og uppgjörsfærslum frá söluaðilum og til útgefenda eða uppgjörsaðila eða vinnsluaðila þeirra. Í þessu sambandi má m.a. benda á að víða erlendis þekkist önnur hlutverkaskipan en hér á landi. Dæmi eru um að færsluhirðar eins og Borgun og Valitor gegni víðtækara hlutverki en hér á landi og sinni í raun ýmsum af þeim verkefnum sem nú eru unnin í RB. Í slíku fyrirkomulagi yrði hlutverk RB ekki annað en að reka sín eigin HG- og IN-kerfi, JK-kerfi GV og SG-kerfi Seðlabankans. Einnig gæti svo farið að einhver banki myndi ákveða að halda utan um bankareikninga í eigin tölvukerfi sem þýðir að RB þyrfti að breyta virkninni í heimildargjöfni og debetkortauppgjöri. Eins má nefna að svo gæti farið að einhver aðili annar en banki myndi bjóða debetkort⁴⁴, þ.e. kort sem ekki er tengt við bankareikning (e. decoupled debit card).⁴⁵

Erlendis eru dæmi um mun meiri samþjöppun á þessum markaði en hér á landi, t.d. í Danmörku og Noregi. Í Danmörku gegnir félagið Nets og dótturfélag þess (Teller) áþekku hlutverki og RB, Borgun, Valitor, GV og Auðkenni⁴⁶ samanlagt. Í enn öðrum ríkjum gegna bankar, í eigin nafni eða með dótturfélögum, mun víðtækara hlutverki en hér á landi og sinna kortaútgáfu, færsluhirðingu og tengdri vinnslu.

Eins og fram kemur í umfjöllun um SEPA í kafla 3.2 er þar lögð áhersla á valfrelsi og samkeppni. Einn liður í því er gerð tækniforskrifta/staðla sem aftur stuðlar að því að notendur „læst“ ekki í tilteknum lausnum. Hér á landi eru notaðar ýmsar tækniforskriftir/staðlar í færsluflæðinu í debetkortaviðskiptum, sbr. kafla 4.7. Að undirlagi Samkeppniseftirlitsins, sbr. ákvörðunarorð í ákvörðun eftirlitsins nr. 2/2011, um yfirtöku Seðlabankans á Greiðsluveitunni, hefur verið stofnuð tækninefnd um rafræna greiðslumiðlun undir fagstaðlaráði í upplýsingatækni hjá Staðlaráði Íslands til að sinna gerð tækniforskrifta/staðla um rafræna greiðslumiðlun. Mun GV leggja FGM-staðalinn svonefnda fram sem heimanmund en hann er notaður í samskiptum við RÁS-kerfið. Staðlaráð er opin og gagnsær vettvangur og starfið þar fer fram á grundvelli sérstakra laga.

6.11 Endurkrafa og úrskurðaraðili

Þegar korthafi gerir athugasemd við debetkortafærslu hefst endurkröfufæri (e. chargeback). Þegar færsluhirðirinn og útgáfuleyfishafinn eru sami aðilinn, þ.e. færslurnar eru meðhöndlaðar innan eigin kerfis („on-us“-færslur), er þetta tiltölulega einfalt, þótt auðvitað geti risið upp ágreiningur milli færsluhirðingardeildar og útgáfuleyfisdeildar hjá viðkomandi aðila. Í slíkum tilvikum er fylgt verklagsreglum frá alþjóðlegu kortasamsteypunum MasterCard og Visa en allt ferlið er innanhúss. Ferlið og verklagsreglurnar eru einnig vel skilgreindar þegar samskipta- og uppgjörskerfi alþjóðlegu kortasamsteypnanna eru notuð. Hér á landi hefur vantað skilgreint ferli og hlutlausan úrskurðaraðila fyrir ágreining um innlendar debetkortafærslur þegar um er að ræða færsluhirði sem er ekki jafnframt með útgáfuleyfi viðkomandi korts (t.d. Valitor að hirða færslu þar sem notað er Maestro-

⁴⁴ Í væntanlegu frumvarpi til laga um meðferð og útgáfu rafeyris verður gert ráð fyrir að fleiri aðilar en bankar geti boðið þjónustu sem á margan hátt er hliðstæð greiðslumiðlun með debetkortum.

⁴⁵ Þegar ótengd debetkort eru notuð er ekki leitað heimildar og uppgjörsfærslurnar fara í uppgjörskerfi bankakerfisins (e. automated clearing house, ACH) en ekki í hefðbundin samskipta- og uppgjörskerfi greiðslukortafélaga. Það dregur úr kostnaði. Nánari fróðleik má finna í kynningu á ráðstefnu bandaríska seðlabankans 2009 (http://www.chicagofed.org/digital_assets/others/events/2008/payments_conference/presentation_channels3.pdf).

⁴⁶ Auðkenni gefur út rafræn skilríki.



debetkort sem gefið er út á grundvelli útgáfuleyfis Borgunar). Undantekning frá þessu eru færslur með Electron-debetkortum sem Teller hirðir því að slíkar færslur fara um alþjóðlegt samskipta- og uppgjörskerfi Visa.

Í 76. gr. laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu, sem tóku gildi 1. desember 2011, segir að greiðsluþjónustuveitendur skuli hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði ef ágreiningur rís milli notanda greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitanda, m.a. um málskot til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Jafnframt segir að notendur greiðsluþjónustu geti skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki sem starfar á grundvelli 19. gr. a í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Í lögnum um greiðsluþjónustu er beinlínis kveðið svo á að greiðslustofnunum sé skylt að eiga aðild að þessari nefnd. Mikilvægt er að færsluhirðar og útgefendur ræði sem fyrst við nefndina og aðstandendur hennar, þ.e. efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Neytendasamtökin og Samtök fjármálafyrirtækja, um það hvernig best verður staðið að þessu verkefni því að ekki er víst að núgildandi reglur um nefndina rúmi verklag sem tekur mið af reglum alþjóðlegu kortasamsteypnanna.



Viðauki: Yfirlit um flæði heimildarbeiðna og uppgjörsfærslna^{1,2}

Posar, almennt	↔	RÁS	↔							RB (HG) og RB (DK)		
Kassakerfi, almennt	↔	HandPoint/Point	↔	RÁS	↔					RB (HG) og RB (DK)		
Posar og kassakerfi, Electronfærslur sem Teller hirðir	↔	Point	↔	Kortþjónustan	↔	Teller	↔	VisaNet	↔	Valitor	↔	RB (HG) og RB (DK)
Posar og kassakerfi, Maestroheimildarfærslur sem Borgun hirðir fyrir Kortþjónustuna ³	↔	Point	↔	RÁS	↔							RB (HG)
Posar og kassakerfi, Maestrouppgjörsfærslur sem Borgun hirðir fyrir Kortþjónustuna ³	↔	Point	↔	Kortþjónustan	↔	RÁS	↔					RB (DK)
Olúfélög almennt, dælur (heimildarb.)	↔	Point	↔									RB (HG)
Olúfélög almennt, dælur (uppgj.fæ.)	→	Point	→	RÁS	→							RB (DK)
Olúfélag A, kassakerfi	↔	Eigið miðlægt kerfi	↔	RÁS	↔							RB (HG)
Olúfélag A, dælur (heimildarbeiðnir)	↔	Eigið miðlægt kerfi	↔									RB (HG)
Olúfélag A, dælur (uppgjörsfærslur)	→	Eigið miðlægt kerfi	→	RÁS	→							RB (DK)
Frístandandi sjálfssalar, almennt	↔	HandPoint/Point	↔	RÁS	↔							RB (HG) og RB (DK)
Sjálfssalar A	↔	Borgun	↔									RB (HG) og RB (DK)



Bílastæði A	↔ Point	↔ RÁS	↔	RB (HG) og RB (DK)
Leigubílastöð A	↔ Eigið miðlægt kerfi	↔ RÁS	↔	RB (HG) og RB (DK)
Ísl. Electronkort erlendis	↔ Erl. færsluhirðir	↔ VisaNet	↔ Valitor ⁴ ↔	RB (HG) og RB (DK)
Ísl. Maestrokort erlendis	↔ Erl. færsluhirðir	↔ MC Banknet	↔ Borgun ↔	RB (HG) og RB (DK)
Erl. debetkort hérlendis	↔ Borgun /Valitor	↔ MC Banknet, VisaNet	↔	Erl. útgefandi
Erl. debetkort hérlendis sem Teller hirðir	↔ Point	↔ Kortþjónustan	↔ Teller ↔ MC Banknet, VisaNet	Erl. útgefandi
Bankaafgreiðsla og hraðbanki, íslenskt debetkort	↔			RB
Bankaafgreiðsla og hraðbanki, erlent Electronkort	↔ RB (HG)	↔ Valitor	↔	VisaNet
Bankaafgreiðsla og hraðbanki, erlent Maestrokort	↔ RB (HG)	↔ Borgun	↔	MC Worldwide Network

Athugasemdir:

1. Ekki er sýnt flæði afstemmingarlista, yfirlita eða annarra hliðstæðra gagna.
2. Það skal áreittað að hér er verið að sýna eftir hvaða leiðum færslur berast til og frá upphafsstað hjá söluaðila. Óháð mismunandi leiðum, gera söluaðilar ávallt samning við færsluhirði. Söluaðilar sem nota aðrar leiðir en almennt tíðkast eru ekki nafngreindir.
3. Í sumum tilvikum eru samningar við söluaðila þannig að þessar færslur fara um samskipta- og uppgjörskerfið MasterCard Banknet.
4. Búnaðurinn (Visa Access Point, VAP) er í rauninni staðsettur í RB og sér RB um tenginguna við VisaNet fyrir Electron-færslur. Þó svo að tölvubúnaður Valitor lamist hefur það engin áhrif á notkun þessara korta. Uppsetningin varðandi Maestro-færslurnar er að því leyti frábrugðin að tengingin við MasterCard Worldwide Network er hjá Borgun og Borgun miðlar færslunum áfram til RB.